



Nefndasvið Alþingis  
Austurstrætis 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 25. júní 2009

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum, 118. mál.**

Í frumvarpi því sem hér er til umsagnar kennir ýmissa grasa. Samtök iðnaðarins munu í umsögn sinni einkum fjalla um þau atriði er varða félagsmenn þeirra sérstaklega. Um aðra þætti vísast til umsagnar Samtaka atvinnulífsins.

SI gera sér fulla grein fyrir því að grípa þarf til margvíslegra aðgerða til þess að koma ríkisfjármálum í jafnvægi og ráða við þann mikla halla sem blasir við. Við þær aðgerðir er nauðsynlegt að gæta jafnvægis, gæta jafnræðis, velja bestu leiðir, forðast ráðstafanir sem flækja skattkerfið og gera það óskilvirkt, og reyna eftir mætti að byggja í haginn fyrir framtíðina.

Almennt verður að segja að frumvarpið og greinargerð með því ber þess skýr merki að miklar byrðar eru lagðar á atvinnulífið þegar allt er talið saman en greinilegt að verulegt hik er við að ráðast gegn rekstrarkostnaði ríkisins. Þar er valin sú leið að ýta vandanum á undan sér og er það óviðunandi.

SI telja augljóst að með þessu er ríkisvaldið einfaldlega að færa niðurskurðarþörfina frá hinu opinbera yfir á almennan vinnumarkað. Beinar álögur á atvinnulífið, s.s. með hækkun tryggingagjalds, munu léiða til frekari uppsagna og/eða launalækkana til að mæta þeim kostnaði. Þegar horft er framan í jafn mikla kaupmáttarskerðingu og raun ber vitni, sem m.a. birtist í 25% samdrætti í einkaneyslu, þá verður ríkið að leggja megin áherslu á niðurskurð eigin kostnaðar í stað skattahækkana ef ekki á illa að fara.

Verður nú vikið að einstökum atriðum þar sem sérstök ástæða er til þess að gera athugasemdir við efni eða útfærslu.

**III. kafli - Lög um virðisaukaskatt**

SI eru algjörlega á móti því horfið verði frá því að hafa öll matvæli í sama skattþrepi virðisaukaskatts. Það væri mikil afturför sem felur í sér hvort tveggja í senn aukna mismunun í skattlagningu og aukinn kostnað í skattframkvæmdinni og aukna hættu á svindli. Það kennir reynsian okkur frá þeim tíma þegar matvæli voru í sitthvoru skattþrepinu.

SI telja heppilegast til þess að mæta tekjuþörf ríkisins af þessum skattstofni að hækka skatthlutfall virðisaukaskattsins á allar vörur jafnt.



SI eru mótfallin því að beita neyslustýringu með þeim hætti sem virðist hugsunin í frumvarpinu. Þar rekst þó hvað á annars horn og er vatn og ávaxtasafi talið til óhollustu sem þarf að skattleggja sérstaklega. Það eru því mikil öfugmæli að kenna þessa leið við sykurskatt.

Ef stjórnvöld eru staðráðin í því að skattleggja sykur og sykurvörur sérstaklega er önnur leið miklu betri, einfaldari, sanngjarnari og líklegri til að draga úr notkun og neyslu sykurs. Tillaga Samtaka iðnaðarins:

- Engin matvæli verði flutt milli skattþrepa virðisaukaskatts
- Vörugjöld verði felld niður af öllum matvælum
- Sykurskattur (vörugjald) verði lagður á tollnúmer 1701 og 1702 í tolli.
- Endurgreiðslukerfi til íslenskra framleiðenda vegna vörugjalda á hráefnum (sykurs) verði lagt af.
- Sykurskattur verði lagður á sykurinnihald í öllum innfluttum matvörum. Auðvelt er að ákvarða sykurinnihald, annað hvort með upplýsingum frá innflytjanda/framleiðanda eða skv. næringartöflum í opinberum gagnagrunni sem MATÍS gæti séð um fyrir tollyfirvöld. Þessi leið er nauðsynleg til þess að allur sykur sé skattlagður hvort sem hann er fluttur inn sem hráefni eða í full- eða hálfunnum vörum. Það er líka nauðsynlegt til að mismuna ekki innlendum og erlendum framleiðendum samkeppnisvöru.

Kostir við tillögu Samtaka iðnaðarins:

- Allur sykur (viðbættur sykur) er skattlagður
- Allir innlendir matvælaframleiðendur sitja við sama borð
- Innlend framleiðsla og innflutningur situr við sama borð
- Leifar úreits vörugjaldskerfis á matvæli falla niður
- Úreilt endurgreiðslukerfi fellur niður
- Skattkerfið verður einfaldara og gegnsærra
- Skattheimta verður auðveldari og undanskot erfiðari
- Ætla má að draga kunnir úr ólöglegu heima- og landabruggi

### Ákvæði til bráðabirgða I

Hér er lagt til að skattleggja 70% af húsaleigutekjum einstaklinga sem tekjuskatt í stað fjármagnstekjuskatts. SI eru alfarið á móti þessum áformum vegna þess þau muni verða til tjóns en ekki gagns. Rök fyrir því eru þessi helst:

- Verð á húsnæði lækkar enn frekar þar sem þetta sparnaðarform verðu miklu lakara en aðrir valkostir. Lækkun á húsnæðisverði eykur enn á núverandi vanda og hefur áhrif á flestar fjölskyldur í landinu.
- Skatthlutfallið verður afar hátt sérstaklega í ljósi þess að brúttó tekjur eru skattlagðar en ekki tekið tillit til kostnaðar svo sem viðhalds, trygginga og fasteignagjalda.
- Í ljósi núverandi vanda væri æskilegt að það væri hvati fyrir einstaklinga að kaupa húsnæði til að leigja út og þannig örva markaðinn.
- Skatthlutfall félaga sem eiga íbúðarhúsnæði verður miklu lægra þar sem kostnaður er frádráttarbær og nettótekjur skattlagðar með 15% tekjuskatti félaga.
- Hvati til svartrar leigu eykst.



### **Greinargerð með frumvarpinu**

Í greinargerð með frumvarpinu er m.a. að finna töflu sem hefur að geyma aðgerðaáætlun í ríkisfjármálum 2009-2013, markmið og leiðir. Þar kemur fram að ríkisstjórnin hyggst skera niður fé til viðhalds og stofnkostnaðar um 14,5 milljarða króna á þessu og næsta ári, einkum vegna vegagerðar. Raunar hefur Vegargerðin þegar stöðvað öll útboð þegar þetta er ritað.

Þetta eru mjög alvarleg tíðindi. Það blasir við að hrun hefur orðið í mannvirkjagerð af öllu tagi í landinu. Bæði einkaaðilar og sveitarfélög hafa nánast hætt framkvæmdum. Þetta hefur leitt til gjaldþrota fjölda fyrirtækja og þar með mikils atvinnuleysis. Óhætt er að fullyrða að engin atvinnugrein hefur orðið fyrir öðrum eins búsigjum. Það er þess vegna sérstaklega alvarlegt að ríkið ætli einnig að rífa seglin á þessu sviði í stað þess að hefja arðbærar framkvæmdir við innviði samfélagsins til þess að búa það undir nýja sókn í atvinnumálum.

Niðurskurðurinn er dæmi um ranga forgangsröðun. Skorað er á Alþingi að hætta við þennan niðurskurð en draga þess í stað úr rekstrarútgjöldum ríkisins sem þessu nemur.

Stjórn Samtaka iðnaðarins ályktaði um þessi mál og fylgir hún hér með.

### **SAMTÖK IÐNAÐARINS**

Jón Steindór Valdimarsson  
framkvæmdastjóri

Meðfylgjandi: Bréf til fjármálaráðherra dags. 11. júní  
Ályktun stjórnar Samtaka iðnaðarins, dags. 22. júní



Fjármálaráðherra  
Hr. Steingrímur J. Sigfússon  
Arnarhvoli

150 Reykjavík

Reykjavík, 11. júní 2009.

### Efni: Skattlagning sykurs

Vegna aðgerða í ríkisfjármálum hafa verið uppi hugmyndir um auknar álögur á sykur, gos og tengdar vörur í gegnum vörugjöld. Samtök iðnaðarins hafa skilning á því að víða þurfi að bera niður til að auka tekjur ríkissjóðs. Verði niðurstaðan sú að auka álögur á nefnda vöruflokka vilja SI að farin verði önnur leið en nú hefur verið kynnt með úreltu og flóknu vörugjaldakerfi.

Tillaga SI gengur út á eftirfarandi:

- Allur sykur verði skattlagður í tolli við innflutning.
- Felldar verði niður heimildir innlendra framleiðenda til niðurfellingar á vörugjöldum á hráefnum (aflátsbréf).
- Felld verði niður vörugjöld á framleiðsluvörur við sölu enda sé búið að ná markmiðum gjaldanna í tolli.
- Til að gæta jafnræðis milli innlendra og erlendra framleiðenda verði sykurinnihald í fullunnum innfluttum vörum skattlagt með sama hætti og sykur í tolli.

Ávinningurinn sem SI sjá við ofangreinda leið eru eftirfarandi:

- Allir sem nota sykur sitja við sama borð.
- Kallar ekki á kerfisbreytingar hjá atvinnulífinu.
- Einfaldar mjög vinnu og kostnað við utanum hald bæði hjá ríki og atvinnulífinu.
- Sparar vinnu við að ákveða hvað eigi að falla undir núverandi hugmyndir og hvað ekki.
- Minni kostnaður og öruggari skattheimta.

SAMTÖK IÐNAÐARINS

  
Jón Steindór Valdimarsson  
framkvæmdastjóri

Afrit: Guðbjartur Hannesson form. fjárlaganefndar  
Helgi Hjörvar form. viðskipta- og skattanefndar



## Ályktun stjórnar Samtaka iðnaðarins

### Verktakastarfsemi blæðir út

**Niðurskurður í vegagerð er reiðarslag. Við núverandi aðstæður á alls ekki að hætta við allar framkvæmdir. Framkvæmdastigi á að halda í horfinu í lengstu lög. Samtök iðnaðarins telja brýnt að velja af kostgæfni verkefni sem eru mannaflsfrek og arðsöm og til þess fallin að auka samkeppnishæfni íslensk samfélags þegar fram í sækir. Skora Samtök iðnaðarins á ríkisstjórnina að taka ákvörðun sína um 12 milljarða niðurskurð til samgöngumála til endurmats.**

Ríkisstjórnin hefur boðað áherslu á mannaflsfrekar framkvæmdir, en vikur nú skyndilega af þeirri braut og boðar stórfelldan niðurskurð. Eðlileg viðbrögð ábyrgðar ríkisstjórnar hefðu verið að verja áætlanir um uppbyggingu og kalla til viðbótar eftir liðsinni frá lífeyrissjóðum og öðrum fjárfestum í formi einkaframkvæmda. – Einkaframkvæmd nokkurra stórra verkefna kemur aldrei í stað almennra opinberra útboða eins og þau hafa viðgengist hérlandis um áratuga bil. Enda er viðbragðstími slíkra verkefna það langur að þeim verður ekki hrint af stað fyrr en um mitt næsta ár, svo lengi geta íslensk verktakafyrirtæki ekki beðið.

Verktakastarfsemi hvers konar hefur orðið fyrir einna mestum búsigfum í kreppunni. Tölur um gjaldþrot fyrirtækja og gríðarlegt atvinnuleysi í greininni tala þar skýrustu máli. Það er því ótrúlegt að lesa fréttir um að Vegagerðin neyðist til að hætta við allar nýframkvæmdir vegna þess að ríkisstjórnin boðar niðurskurð upp á 3,5 milljarða á þessu ári og 8,2 milljarða á því næsta til vegagerðar.

Með þessu er verið að dæma fleiri fyrirtæki til gjaldþrots og enn fleira fólk til atvinnuleysis. Þúsundir manna hafa þegar misst vinnuna undanfarna mánuði hjá fyrirtækjum eins og Ístak, ÍAV, Loftorku, Hlaðbæ-Colas, Klæðningu, Hektar, Háfelli, Ásberg, Nesprýði, - öll þessi fyrirtæki þurfa skýr svör fyrir 1. júlí um verkefnin framundan. Fyrir þann dag þarf að taka ákvörðun um hvort segja þurfi upp mörg hundruð starfsmönnum til viðbótar.

Þegar mest var störfuðu 16.000 manns í mannvirkjagerð. Árum saman voru 10 til 12 þúsund manns starfandi í greininni. En nú stefnir fjöldinn í einungis 4.000. Niðurskurður er óumflýjanlegur í okkar þjóðfélagi eins og staðan er orðin, en óþolandi er að hann bitni allur á mannvirkjagreinum. Þeim byrðum verður að dreifa og þar á opinber rekstur síst að vera undanskilinn. Mikilvægt er að sú mikla aukning á samneyslu sem orðið hefur frá árinu 2001 gangi til baka og forgangsraðað verði upp á nýtt í ríkisrekstri.

Það verður að auka arðsemi, efla atvinnustarfsemi og útflutning. Styrkja verður alla innviði sem leiða til þess, hvort sem það er á sviði samganga, orkumannavirkja, fjarskipta eða annarra framkvæmda sem örva fjárfestingar í atvinnustarfsemi og efla samkeppnishæfni landsins. Hér er ábyrgð og skylda stjórnvalda ótvíræð.

Reykjavík, 22. júní 2009